

GÁTLISTI VEGNA BEIÐNI UM FLÝTIMEÐFERÐ UMSÓKNAR UM DVALARLEYFI Á GRUNDEVLLI ATVINNUPÁTTTÖKU

Samkvæmt 53. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 er Útlendingastofnun heimilt að taka umsóknir um dvalarleyfi á grundvelli atvinnupátttöku til flýtimeðferðar gegn sérstöku þjónustugjaldi.

Með umsókn skulu fylgja öll þau gögn sem Útlendingastofnun gerir kröfu um til staðfestingar á því að skilyrði dvalarleyfis séu uppfyllt. Vinnuálastofnun sér um útgáfu atvinnuleyfa á Íslandi og áframsendir Útlendingastofnun umsóknir um atvinnuleyfi til Vinnuálastofnunar til afgreiðslu. Það er forsenda útgáfu dvalarleyfis vegna atvinnupátttöku að Vinnuálastofnun hafi veitt atvinnuleyfi.

Það er á ábyrgð umsækjanda að leggja fram nauðsynleg fylgigögn umsóknar. Ef fullnægjandi gögn berast ekki til Útlendingastofnunar með umsókninni getur það leitt til þess að afgreiðsla umsóknar tefjist eða að umsókninni verði synjað. Útlendingastofnun getur óskað eftir viðbótargögnum þegar sérstakar ástæður mæla með því.

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Útlendingastofnunar (www.utl.is).

Fylgigögn umsóknar

- Umsókn um dvalarleyfi.** Í frumriti, vel útfyllt og undirrituð af umsækjanda. Mikilvægt er að umsækjandi greini frá dvalarstað sínum hér á landi. Liggi heimilisfang ekki fyrir þegar umsókn er lögð fram skal umsækjandi leggja fram tilkynningu um dvalarstað innan 2 vikna frá því að umsækjandi kemur til landsins (t.d. við myndatöku).
- Passamynd** (35mm x 45mm).
- Ljósrit vegabréfs.** Gildistími skal vera minnst **90 dagar** umfram gildistíma dvalarleyfis. Ljósrit þarf að vera af persónusíðu og síðu með undirskrift umsækjanda.
- Staðfest frumrit erlends sakavottorðs.** Sakavottorð má ekki vera eldra en 6 mánaða. Leggja þarf fram sakavottorð frá öllum þeim löndum þar sem umsækjandi hefur búið síðustu 5 ár. Sakavottorð skal gefið út af æðsta yfirvaldi lands sem heimilt er að gefa út slíkt vottorð (sem dæmi þarf sakavottorð frá Bandaríkjunum að vera útgefið af FBI). Athugið að krafist er vottunar sakavottorðs, þ.e. apostille eða tvöfaldrar keðjustimplunar.
- Staðfest afrit eða frumrit þýðingar löggilts skjalapýðanda á sakavottorði.** Á aðeins við ef erlend vottorð eru á öðru tungumáli en ensku eða Norðurlandamáli. Athugið að krafist er vottunar á þýðinguna sé hún unnin af þýðanda sem ekki hefur fengið löggildingu á Íslandi, þ.e. apostille eða tvöfaldrar keðjustimplunar.
- Sjúkrakostnaðartrygging.** Umsækjandi þarf að leggja fram staðfestingu tryggingar sem gildir í 6 mánuði að lágmarki 2.000.000 kr. frá íslensku tryggingafélagi eða erlendu tryggingafélagi með starfsleyfi á Íslandi (sjá nánar á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins).
- Umsókn um viðeigandi atvinnuleyfi.** Í frumriti, undirrituð bæði af umsækjanda og atvinnurekanda og staðfest af viðeigandi stéttarfélagi (ef við á).
- Ráðningarsamningur.** Í frumriti og undirritaður bæði af umsækjanda og atvinnurekanda. Launakjör umsækjanda þurfa að koma fram og ná viðmiði um lágmarksframfærslu. Tilgreina verður lífeyrissjóð á ráðningarsamningi.
- Umboð í frumriti vottað af tveimur vottum.** Umboð þarf ekki að berast nema umsækjandi vilji að einhver annar en hann sjálfur fái upplýsingar um vinnslu umsóknarinnar hjá Útlendingastofnun.

Sérkröfur Vinnumálastofnunar vegna veitingu atvinnuleyfis

Dvalarleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar:

- Hefur umsögn stéttarfélags verið aflað?
- Fylgir rökstuðningur fyrir ráðningu á atvinnuumsókn?
- Fylgir staðfest afrit af prófskírteini umsækjanda eða staðfesting á starfsreynslu?

Dvalarleyfi vegna skorts á starfsfólki:

- Hefur umsögn stéttarfélags verið aflað?
- Fylgir rökstuðningur fyrir ráðningu á atvinnuumsókn?
- Hefur starfið verið auglýst í gegnum EURES vinnumiðlun Vinnumálastofnunar? Ef ekki, þarf að skila inn rökstuðningi fyrir ástæðum þess að slíkt hefur ekki verið gert.

Dvalarleyfi fyrir íþróttafólk:

- Er íþróttafélagið sem umsækjandi ætlar að starfa fyrir aðili að Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands?

Dvalarleyfi vegna samstarfs- eða þjónustusamnings:

- Umsókn um atvinnuleyfi.** Umsækjandi, hin erlendi atvinnurekandi og innlendi atvinnurekandinn þurfa allir þrír að skrifa undir umsókn.
- Ráðningarsamningur** milli hins erlenda atvinnurekanda og umsækjanda. Bæði umsækjandi og atvinnurekandi þurfa að skrifa undir ráðningarsamning.
- Fylgir samstarfs- eða þjónustusamningur með umsókn?
- Fylgja upplýsingar um sérfræðiþekkingu, s.s. staðfest afrit af prófskírteini umsækjanda eða staðfesting á starfsreynslu?
- Fylgir rökstuðningur fyrir ráðningu á atvinnuumsókn ?